

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð nr. 160/2012 um útdráttarleysa til notkunar við framleiðslu matvæla og innihaldsefna í matvælum.

1. gr.

Eftirfarandi breyting er gerð á II. hluta I. viðauka við reglugerðina:
Í stað línunnar fyrir „Dímetyleter“ kemur eftirfarandi:

Dímetyleter	Tilreiðsla á fitusneyddum prótín-afurðum úr dýrum, þ.m.t. gelatíni (*)	0,009 mg/kg í fitusneyddum prótínafurðum úr dýrum, þ.m.t. gelatín
	Tilreiðsla á kollageni (**) og kollagenafleiðum, að frátöldu gelatíni	3 mg/kg í kollageni og kollagenafleiðum, að frátöldu gelatíni

(*) „Gelatín“: náttúrulegt, leysanlegt prótín, hvort sem það myndar hlaup eða ekki, sem fæst með vatnsrofi að hluta til á kollageni sem er framleitt úr beinum, húðum og skinnum og sinum dýra, í samræmi við viðeigandi kröfur í reglugerð (EB) nr. 853/2004.

(**) „Kollagen“: afurð, að stofni til úr prótíni, sem er unnin úr beinum, húðum, skinnum og sinum dýra og framleidd í samræmi við viðeigandi kröfur í reglugerð (EB) nr. 853/2004.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með stöð í lögum nr. 93/1995 um matvæli, með síðari breytingum. Reglugerðin er til innleiðingar á tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1855 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/32/EB um samræmingu laga aðildarríkjanna um útdráttarleysa sem notaðir eru við framleiðslu matvæla og innihaldsefna í matvælum. Tilskipunin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 13/2017, frá 3. febrúar 2017. Tilskipunin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 17, frá 16. mars 2017, bls. 471.

Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 22. nóvember 2018.

Kristján Þór Júlíusson
sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

Iðunn Guðjónsdóttir.